



Dagskrá aðalfundar Fimleikafélagsins Björk, 26. apríl 2018

1. Fundarsetning, ávarp formanns, kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Staðfest lögmæti fundarins og kannað kjörgengi fundarmanna
3. Skýrsla aðalstjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári lögð fram og kynnt
4. Reikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar
5. Tillögur að lagabreytingum:
Breyting á grein 4.2 og grein 4.6
6. Kosning aðalstjórnar félagsins í samræmi við grein 5.1.
7. Kosning skoðunarmanna í samræmi við grein 7.2.
8. Önnur mál



Tillaga að lagabreytingum fyrir aðalfund 26. apríl 2018

4.2 Aðalfund félagsins skal halda fyrir ~~15.~~lok apríl ár hvert og skal aðalstjórn auglýsa fund með a.m.k. ~~1430~~ daga fyrirvara eins og nánar er kveðið á um í gr. 4.5.

4.6 Aðalstjórn skal skipa kjörnefnd eigi síðar en 4 vikum fyrir aðalfund. Nefndin skal skipuð 3 aðilum sem þekkingu hafa á starfsemi félagsins. Kjörnefnd skal leitast við að tryggja nægjanlega mörg framboð til aðalstjórnar og taka við slíkum framboðum. Skila skal framboðum á skrifstofu félagsins merkt „kjörnefnd“ eða á það netfang sem félagið auglýsir. Framboð til aðalstjórnar skal tilkynna eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Komi ekki nægjanlega mörg framboð fyrir tilskilinn tíma skal kjörnefnd stýra því að opnað verði fyrir framboð á aðalfundi. Starfi kjörnefndar lýkur að aðalfundi loknum.“Framboð til aðalstjórnar skal tilkynna til aðalstjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund. Komi ekki nægilega mörg framboð á tilskildum tíma skal opna fyrir framboð á aðalfundi.